



Flugfimi kríunnar sést vel á myndinni sem sýnir krúu fódra unga sinn á síli. Ungarnir eru um þessar mundir að æfa sig að ná góðum tókum á fluginu eins og foreldrarnir.

Krían natin við ungana sem senn komast á flug

Það er ekki fyrir neina aukvísu að næla sér í unga eða egg í kríuvarpi. Og fáir sem komast klakklaut frá slíkum tilraunum. Krían er vel þekkt fyrir öflugar loft-

varnasveitir og ver ekki aðeins eigin afkvæmi gegn ræningjum heldur njóta aðrir fuglar góðs af því að verpa í nágrenni hennar. Um þessar mundir eru kríuungar að komast á flug og

æfa það af miklum móð undir dyggri leiðsögn. Það er ekki seinna vænna en að hefja flugæfingarnar og ná góðum tókum á fluginu áður en haldið er til vetursetu í fjarlægum löndum.

Enginn fugl í heiminum ferðast jafnlanga leið á milli varp- og vetrarstöðva og krían. Krían er afbragðs flugfugl á lengri og skemmri ferðum. Gjarna má sjá hana andæfa yfir vatni og

steypa sér svo örsnöggt niður eftir síli. Á myndinni má sjá hvar kríumamma kemur með síli í gogg handa svöngum unga.

-gpp

Er potturinn klár fyrir sumarið?

20 ára
2000-2020

PÍPULAGNIR
HELGA

Háheiði 10, Selfossi
S. 699 1985 / 823 6656

Rafverktakar · Verslun
Öryggis-, myndavéla-
og loftnetskerfi



Neyðarsími 660 1160

Eyraveggi 32 · Selfossi · Sími 480 1160
www.arvirinn.is

Boggugarðar



- Trjá- og hekkklippingar
- Beðahreinsanir
- Garðaráðgjöf

Sólborg Ósk Kragh
GARÐYRKJUFRAÐINGUR

Sími 895 2766
solborgosk@gmail.com

Erum á Facebook

Sendibílar á Suðurlandi

Tek að mér alla almenna flutningsþjónstu
Heimsendingar - Vörudreifing - Búslóðaflutningar - Ruslaferðir
Traust og fagleg þjónusta með yfir 20 ára reynslu.

Tómas 820 3880 - keyrsla@keyrsla.is - www.keyrsla.is - /keyrsla.is

Ekki bara vinna – félagsfærni er mikilvægur þáttur í starfi Vinnuskólans

Nú er komið að því að Vinnuskóla Árborgar er að ljúka. Okkur langar aðeins að fræða ykkur um hann. Vinnuskólinn hefur starfað í um það bil 30 ár. Árið 2013 tók félagsmiðstöðin Zelsíuz við skipulagi og utanumhaldi. Í vinnuskólanum í ár eru í kringum 300 ungmenni.



Fjölbreytt hópaskipan og fjölbreytt handtök

Í vinnuskólanum erum við krakkarnir ekki einungis að vinna að garðyrkju heldur er líka starfræktur fjölmiðlahópur sem kallast Grænjaxlinn, D&D hópur, beðabörn og flokksstjórar. Um það bil 60 unglingar vinna í kringum tómstunda- og íþróttastarf í gegnum vinnuskólann. Við höfum líka um 40 flokksstjóra og aðstoðarflokksstjóra, 2 verkstjóra og allskonar fleiri mikilvæg störf.

Félagsleg samskipti mikilvæg á vinnumarkaði

Allir hóparnir í vinnuskólanum fara í allskyns hópeflisleiki og félagsfærniæfingar. Með því erum við að styrkja okkur í svo

mörgum þáttum. Við erum að læra að vera í vinnu, vera skipulögð, bera ábyrgð en einnig að efla okkur félagslega og læra samskipti. Allt þetta nýtist okkur síðan út á vinnumarkaðinn í framtíðinni. Að vera í vinnuskólanum gefur okkur margt. Við fáum tækifæri til þess að hefja okkar starfsferil, fáum tilgang á vinnustaðnum, kynnumst öðrum ungmennum ásamt því að halda bænum hreinum og snyrtilegum.

Takk fyrir okkur!

Okkur finnst mjög sniðugt að störf fyrir ungmenni séu byggð upp á þennan hátt. Við fáum

sjálf tækifæri á að hafa áhrif og byggja upp þetta góða starf. Við erum líka mjög sáttar við launin og finnst heiður að fá að vinna fyrir Sveitarfélagið Árborg.

Sem starfsmenn í Vinnuskóla Árborgar viljum við þakka ykkur íbúum Árborgar fyrir að taka okkur svona vel og treysta okkur fyrir hreinlæti í Árborg. Einnig viljum við þakka flokksstjórum og yfirmönnum Vinnuskólans fyrir hjálpina, vinnuna og stuðninginn.

Efnið er skrifað af þeim Ellu Dís og Rögnu Bjarney. Þær voru í fjölmiðlahópi Zelsíuz, Grænjaxlinum.

ICECOOL

Bifreiða- og breytingaverkstæði

Gagnheiði 51, Selfossi - Sími 482 1361 - gunni@icecool.is

Nú er tími til kominn að koma með ferðavagnana



Fátt er svo með öllu illt að ei boði gott



Við fjölskyldan höfum talið niður dagana í sumarfrí. Við biðum spennst eftir því að komast af stað í útilegu. Við ætluðum svo sannarlega að ferðast innanlands og njóta landsins okkar fagra, sólarinnar og félagssskapar hvort við annað. Þegar við vorum komin á fyrsta náttstað lentum við í vandræðum með að tjalda gamla fellihýsinu sem við keyptum í fyrra. Þetta var fyrsta útilegan okkar með fellihýsið. Eftir að hafa fengið hjálp frá góðum frænda, fengið startkapla hjá nágranna og hringt í fyrri eiganda náðum við loksins að klára verkið og hugsuðum „fall er fararheill“. Daginn eftir ákváðum við að leggja af stað á góðum tíma og vera í samfloti við vini okkar austur á land. Við þökkum fellihýsinu og byrjuðum að loka því en rétt áður en það náðist að fullu bilaði eitthvað. Þá kom í ljós að vandamálið var stærra en áður hafði verið talið. Því upphófst nokkurra tíma verkefni sem reyndi vel á þolinmæðina. Eftir langa bið, hjálp frá öðrum nágranna, og síðan vinum frá Selfossi sem kipptu með sér verkfærum fyrir okkur á ferð sinni austur þá náði maðurinn minn að koma því svo fyrir að við gátum haldið vegferð okkar áfram. Eftir því sem við nálgumst Skaftafell hugsaði ég með mér: „Þetta er magnað. Við

erum búin að hlakka til að fara í þetta ferðalag í margar vikur. Fellihýsið bilar, því er reddað og við getum haldið ferð okkar áfram.“ Ég gæti hugsað: „Þetta er svo týpískt“. En væri það rétt? Nei, svo sannarlega ekki. Við þurfum ekki alltaf að búast við því að eitthvað slæmt gerist bara af því að við hlökkum til eða langar að upplifa eitthvað gleðilegt í lífinu. Lífið gerist, það er rétt. En mitt í aðstæðunum er svo ótal margt sem við getum verið þakklát fyrir. Ég áttaði mig á því á þessum stutta tíma hvað fólk er yndislegt. Ókunnugt fólk rétti fram hjálparhönd og vildi hjálpa okkur. Vinir okkur tóku á sig krókaleið til þess að fara heim til okkar til að ná í verkfæri. Það er kærleikur í samfélaginu okkar sem er dýrmætur. Þegar við mætum í Skaftafell, biðum við í röð eftir því að komast inn á svæðið. Við vorum í röð og rétt náðum að komast inn á svæðið áður en 500 manna markinu var náð og fyrir það var ég þakklát. Eftir að við vorum búin að koma okkur fyrir, fórum við í góða kvöldgöngu um svæðið. Þvílík feegurð, þvílíkt land. Ég er svo þakklát fyrir að fá tækifæri til að sýna börnunum

mínunum landið okkar fagra, ég er þakklát fyrir að sýnir mínir upplifðu gleðina í því að fá að halda ferðalaginu áfram því þeir gerðu sér grein fyrir því að það var ekki sjálfsagt. Ég er líka þakklát fyrir að fá að sitja hér í fellihýsinu mínu og skrifa þennan pistil.

Það er oft þannig að maður metur meira það sem maður hefur eftir að hafa upplifað erfiðleika við að komast þangað. Þessu má lýsa eins og tilfinningunni sem maður upplifir þegar manni tekst eitthvað sem var stór og mikil áskorun. Það gæti verið fjallgangan sem var krefjandi, hlaupið sem þú ætlaðir varla að þora að taka þátt í, prófið sem þú hélt að þú myndir falla í eða sjúkdómsferlið sem tók ótrúlega mikið á. Eitt er víst að lífið er langhlaup, þú munt hlaupa upp í móti, þú munt líka fá góðan meðvind og hlaupa niður í móti, suma daga verður rigning og aðra daga verður sól. Á lífsleiðinni mun fólk rétta þér hjálparhönd og þú munt einnig fá tækifæri til að rétta öðrum hjálparhönd og hafa jákvæð áhrif á aðra. Ég hvet þig til að nýta dagana vel. Telja blessanir þínar og muna að fátt er svo með öllu illt að ei boði gott.



Hrós vikunnar

Dagbjört Harðardóttir er hrósari vikunnar að þessu sinni:



Dagbjört Harðardóttir

Mig langar að hrósa flokksstjórum og nemendum hjá Vinnuskóla Árborgar fyrir gott sumar, fallegan og snyrtilegan bæ. Allir sem einn stóðu sig með þryði, bænum og okkur til sóma.

Dagbjört Harðardóttir

Ég skora á Arnar Helga Magnússon, samstarfsmann minn í Zelsíuz, að senda inn næsta hrós vikunnar.

Dagskráin, fréttablað Suðurlands

Arnar, sendu okkur hrósið á dfs@dfs.is fyrir næsta mánudag. Ekki væri verra að fá mynd með :)



Fjögur söfn á Suðurlandi fá styrk frá Safnaráði



Mennta- og menningarmálaráðherra hefur samþykkt tillögu safnaráðs um að flýta aukauðhlutun úr safnasjóði og úthluta 37 styrkjum til safna, að upphæð alls 40.124.000 kr. Opnað var fyrir umsóknir í maí sl. og bárust 30 umsóknir frá viðurkenndum söfnum. Að þessu sinni var úthlutunin eyrna-merkt til eflingar á faglegu starfi

safnanna og var úthlutun sjóðsins flýtt vegna áhrifa COVID-19 á starfsemi safnanna. „Við búum að fjölbreyttum, fróðlegum og skemmtilegum söfnum um allt land sem ég hvet landsmenn til að kynna sér og heimsækja. Umsóknir safnanna bera vitni um það gróskumikla miðlunar- og rannsóknarstarf sem þar er innt hendi og ég hlakka til að

sjá afrakstur þessara verkefna,“ segir Lilja Alfreðsdóttir mennta- og menningarmálaráðherra.

Fjölbreytt verkefni styrkt í söfnunum á Suðurlandi

Listasafn Árnesinga fær styrk upp á 1,2 milljónir. Styrkurinn er veittur til skráningar og rannsóknar á safneign LÁ. Þá fær Byggðasafn Árnesinga 1,5 milljónir til eflingar safnfræðslu á haustmánuðum 2020. Þá fékk Byggðasafnið í Skógum 1,2 milljónir til rannsókna og miðlunar á handverki í Skógasafni. Veiðisafnið á Stokkseyri fær 500 þúsund til uppfærslu á kynningarefni safnsins og heimasíðu þess. Í samtali við Lýð Páls-son safnstjóra hjá Byggðasafni Árnesinga sagði hann að styrkurinn væri kærkominn. Það væri þakklátt að fá slíka upphæð til að móða úr og ýta verkefnum úr vör sem annars hefði ekki verið hægt að fjármagna með öðrum hætti. -gpp

Viltu garga við Skógafoss?

Það er ýmislegt sem fundið er upp á til landkynningar en nú býðst ferðamönnum að óskra úr sér lifur og lungu og fá það tekið upp með aðstoð tölvu eða síma og spilað í hátölurum sem dreift er um landið, næstu tvær vikurnar. Það er átakið *Inspired by Iceland* sem býður fólki um allan heim að losa sig við uppsafnaða streitu vegna Covid-19 með þessum hætti. „Það er spennandi að geta boðið fólki að upplifa Ísland með þessum hætti. Ég held að við þurfum öll að losa um streitu eftir undanfarna mánuði, og Ísland hefur allt til að bjóða fyrir fólk sem þarf á endurnærandi upplifun að halda. Hvort sem það er stafræn heimsókn til að losa um streitu eða raunveruleg heimsókn í afslappað frí,“ segir Þórdís Kolbrún Reykfjörð Gylfadóttir, ferðamála-, iðnaðar- og nýsköpunaráðherra.

Hátalari kemur öskrunum til skila

Alls verða sjö hátalarar víðsvegar um landið, þar á meðal einn við Skógafoss. Notendur geta valið um það hvar öskrið þeirra glymur. Þegar það glymur fá notendur myndband af því sent til sín rafrænt. Fram kemur að Íslendingar á ferð þurfi ekki að óttast gremjuóskur og streitulosun þessa því hljóðstyrknum er stillt í hóf. Herferðin sem hefur hlotið nafnið „Let It Out“ eða „Losaðu þig við það“ sækir innblástur til kenninga sálfræðinga um streitulosandi áhrif þess að óskra af öllum lífs og sálar kröftum. Í könnun sem framkvæmd var á erlendum mörkuðum fyrir *Inspired by Iceland* í byrjun júní sögðust 40% aðspurðra finna fyrir streitueinkennum vegna Covid-19, og 37% svörðu að



ástandið hefði haft neikvæð áhrif á sálartetrið. Nú er vonarglæta fyrir þá sem þjást af streitu að garga hana á brott.

Herferðinni ætlað að draga fram kosti landsins

Hvernig sem þetta fer nú allt saman er það mat sérfræðinga að þetta kunni að draga fram kosti Íslands sem ferðamanna- staðar. „Við viljum vekja athygli tilvonandi ferðamanna á að það er tiltölulega öruggt að ferðast til Íslands og að hér er hægt að upplifa fallega náttúru í fámenni, en það er eitthvað sem við teljum að fólk muni sækjast eftir þegar áhugi fólks á að ferðast kviknar á ný. Það er mikil-

vægt að vekja athygli á kostum Íslands núna. Fólk er að láta sig dreyma um þá tíma þegar það verður hægt að ferðast aftur og jafnvel leggja á ráðin um ferðalög í náinni framtíð. Við viljum vera hluti af því samtali. Streitulosun er viðeigandi við þessar kringumstæður en gefur okkur jafnframt tækifæri á sama tíma til að sýna landið og minna á kosti Íslands,“ segir Sigríður Dögg Guðmundsdóttir, fagstjóri ferðapjónustu hjá Íslandsstofu. Þeim sem vilja kynna sér átakið nánar og hugsanlega kíkja á hátalarana og heyrja öskrin er bent á vefsíðu verkefnisins www.lookslikeyouneediceland.is. -gpp

Fasteignamarkaðurinn á Suðurlandi í júní 2020

Samkvæmt upplýsingum frá Þjóðskrá Íslands kemur fram að á Suðurlandi hafi 146 samningum verið þinglýst. Þar af voru 22 samningar um eignir í fjölbýli, 63 samningar um eignir í sérbyli og 61 samningur um annars konar eign. Heildarveltan var 4.676 milljónir króna og meðalupphæð á samning 32 milljónir króna. Af

þessum 146 var 61 samningur um eign á Árborgarsvæðinu*. Þar af voru 14 samningar um eignir í fjölbýli, 44 samningar um eignir í sérbyli og 3 samningar um annars konar eignir. Heildarveltan var 2.350 milljónir króna og meðalupphæð á samning 38,5 milljónir króna. *Sveitarfélögin: Árborg, Hveragerði og Ölfus.



UNDALAGNIR
ÖLL ALMENN PÍPULAGNINGAÞJÓNSTA

SÍMI 8484768
UNDALAGNIR@GMAIL.COM
JÓN KARL LINDAL PÍPULAGNINGAÞJÓNSTA



HJÚKRUNARFRÆÐINGUR

Heilsustofnun í Hveragerði óskar eftir að ráða hjúkrunarfræðing til starfa til afleysingar frá 1. september í eitt ár. Um er að ræða í 85% starfshlutfall í vaktavinnu. Möguleiki er á starfsmannaíbúð á staðnum.

HÆFNIKRÖFUR

- Jákvætt viðhorf og góð samskiptahæfni
- Sjálfstæði í vinnubrögðum og hæfni til að vinna í teymi
- Íslenskt hjúkrunarleyfi

Nánari upplýsingar gefur Margrét Grímsdóttir, framkvæmdastjóri hjúkrunar í netfangi: margretg@heilsustofnun.is



www.heilsustofnun.is

Sundhöll Selfoss 60 ára!

Föstudaginn 24. júlí 2020 fagnar Sundhöll Selfoss 60 ára opunarafmæli en Sundhöllin var opnuð á þessum degi árið 1960.

Í tilefni dagsins er frítt í Sundhöll Selfoss og boðið upp á afmælisköku í anddyri Sundhallarinnar.

Afmælisdagskrá hefst kl. 16:00 í sundlaugargarðinum

- Ávarp fulltrúa bæjarstjórnar
- Pétur Kristjánsson og Marteinn Sigurgeirsson synða heiðurssund í tilefni dagsins en þeir syntu vígslusundið árið 1960
- Karitas Harpa Davíðsdóttir og Alexander Freyr Olgeirsson spila fyrir gesti



Sveitarfélagið
ÁRBORG

Lokahátíð Vinnuskóla Árborgar

Vinnuskóli Árborgar hefur aldrei áður verið jafn fjölmennur og í ár, enda skartar sveitarfélagið sínu fegursta eftir hópa duglegra krakka undir handleiðslu flokksstjóra sinna. Þann 16. júlí sl. fór

lokahátíð Vinnuskólans fram í Sunnlækjarskóla, en hana þurfti að færa inn fyrir vegna úrhellisrigningar. Farið var í allskonar þrautir þar sem hver hópur keppti saman. Þá klæddu

sig allir í búninga og veitt voru verðlaun fyrir bestu búningana og stigahæsta liðið í þrautkeppinni. Sigurvegaramir hlutu glæsilega pizzuveislu á Skalla að launum. -gpp



Sunnlenski matgæðingurinn



Matgæðingur vikunnar er **Hulda Dóra Eysteinsdóttir.**

Kærar þakkir fyrir áskorunina mín kæra Ólöf. Þú lest bara á milli línanna þarna :) Ekki veit ég af hverju svilkonu minni datt í hug að skora á mig, en ég er minnst með matarboð og veisluhöld en gjarnan þigg ég að fara í góða veislu og njóta matar. En það þarf vist líka að hafa hversdagsmat og fyrst Ólöf var með veisluuppskriftina þá langar mig að koma með ósköp þægilega uppskrift sem ég geri æði oft og er mjög auðveld. Tilvalið fyrir þá sem langar að gera góðan mat en kunna lítið til í eldhúsinu.



Auðvelt kjúklingapasta á „nó tæm“

- 1 pk. af Pastella-pasta (það er best, en það má vera hvaða pastategund sem er)
- 1 bakki af kjúklingabringum
- 1/2 ltr. rjómi
- 1 krukka af rauðu pestói.

Byrjið á að sjóða vatn og setja svo pastað út í þegar vatnið sýður. Pastella-pastað tekur svo um 2-3 mín. að sjóða

Bringurnar skornar í bita og steiktar á pönnu með smá olíu og kryddað með t.d. kjúklingakryddi.

Þegar þær eru steiktar þá er rjómanum hellt yfir og krukkan af pestóinu tæmd út í. Öllu hrært létt saman þannig að blandist vel og látið malla í smá stund. Svo er bara öllu blandað saman í stóra skál.

Stundum langar okkur að hafa brauð með þessu á tyllidögum og þá gerum við uppáhaldsbrauðið okkar; Fetabrauð, en við köllum það Betubrauð hér heima.

Betubrauð / Fetabrauð

- Uppskriftin gefur tvö brauð
- 600 gr. hveiti
- 1 bréf þurrger
- 3 msk. sykurl
- 1 msk. maldon salt
- 5 dl mjólk
- 3 msk. olía
- 1 krukka fetaostur

Blanda skal saman þurrefnum og bæta olíu og mjólk saman við ásamt smá af hveiti ef deigið er mjög blautt og klístrað. Látið hefast í 30 mín. Mótið síðan í 2 brauð (svona hleifa) og setjið á bökunarplötu með smjörpappír og látið hefast aftur undir viskastykki í 30 mín. Potið svo í brauðið á víð og dreif og setjið svo fetaostinn í holurnar. 1 krukka af fetaosti á tvö brauð. Baka við 180 gráður í ca. 15-20 mín. þar til gyllt og falllegt.

Þessa brauðuppskrift verðið þið að prófa! En ég fékk þessa uppskrift frá Betu vinkonu minni. Ég hef ósjaldan leitað til hennar og aldrei verið svikin.

Ég skora á Elísabet Rut Sigmarsdóttur sem næsta matgæðing.

Matgæðingar eru beðnir að senda á dfs@dfs.is uppskrift ásamt mynd af sér eigi síðar en á sunnudegi.

Björgunarsveitin Ársæll vann þrekvirki í Landmannalaugum

Eins og björgunarsveitum er einum lagið, þá unnu meðlimir Björgunarsveitarinnar Ársæls þrekvirki í Landmannalaugum. Björgunarsveitin Ársæll stendur núna hálandisvaktina og tóku meðlimir hennar sig til og mokuðu snjóskaflinn, sem er á upphafi Laugavegarinnar, (göngu-leiðarinnar milli Landmannalauga og Þórsmerkur) á tveimur tímum. Nú er greiðfært um gilið upp á Laughraunið og eiga meðlimir Ársæls miklar þakkar skildar.



Sigrún Jónsdóttir opnar heimasíðu

Sigrún Jónsdóttir, Ásvelli í Fljótshlíð, er fædd árið 1970. Hún er frá Lambey, dóttir hjónanna Jóns „Jóna“ Kristinssonar og Ragnhildar Sveinbjarnardóttur. Sigrún á því ekki langt að sækja listina. Sigrún var valin sveitarlistamaður Rangárbings eystra árið 2014 og var það í fyrsta sinn sem sú viðurkenning var veitt. Sigrún hefur meðal annars haldið námskeið, sett upp sýningar, myndskreytt og gert sviðsmyndir fyrir leiksýningar. Nú hefur hún opnað heimasíðu

um verk sín þar sem hægt er að kaupa bæði málverk og tækifæriskort.



DAGSKRÁIN FRÉTTABLAÐ SUÐURLANDS

Útgefandi: Dagskráin, Eyraveggi 25, 800 Selfoss, sími 482 1944, dagskrain@prentmet.is.
Ritstjóri: Gunnar Páll Pálsson, sími 856 0673, gpp@prentmetoddi.is.
Auglýsingar: Katla Harðardóttir, sími 482 1944, skh@prentmetoddi.is.

Dagskráin kemur út á hverjum miðvikudegi. Allt efni og auglýsingar berist í Prentmet, Eyraveggi 25, Selfoss, fyrir hádegi á mánuðögum. Upplag: 8700 eintök. Dreift ókeypis í allar sýslur austan Hellisheiðar. Dagskráin er aðili að samtökum bæjar- og héraðsfréttablaða.

ISSN 1670-407X

Svansmerkið, Prentgripur, 1041 0858



Vísnaðgátur-höf. Ármann Dalmanntson - Útg. Bókaútgáfan SKRUDDA

Gáta vikunnar

Í orðabókum er mér lýst.
Ég er á stundatöflur sett.
Ég er krunk og ég er tíst.
Ég kem tíðum fyrir rétt.

Soar við gátu í blaði 2556: **HÖLL.**
1. lína: Valhöll - 2. lína: Dísarhöll
3. lína: Konungshöll - 4. lína: Íþróttahöll



Fer í Surtsey fimmtugasta árið í röð



Þessa vikuna stendur yfir árlegur líffræðileiðangur þar sem unnið er að rannsóknum, áframhaldandi vöktun á lífríki eyjunnar fer fram og einnig verður að hreinsa sörp sem skolast upp á land. Hópurinn samanstendur af 9 manns en sá sem oftast hefur farið er að koma þangað fimmtugasta árið í röð.

Það er ekki hver sem er sem fær að fara til Surtseyjar þar sem eyjan er friðlýst sem friðland. Friðland er afmarkað landsvæði sem ákveðið hefur verið með lögum að vernda t.d. út af sjaldgæfum tegundum lífvera sem eru í hættu eða til að vernda lífríki sem er sérstaklega fjölbreytt eða sérstætt. Landvörður Umhverfisstofnunar mun veita okkur innsýn í starfið þessa vikuna á Instagram-reikningi Náttúruverndar fyrir þau ykkar sem viljið fylgjast með.

Það eru 8 vísindamenn og landvörður sem taka þátt í leiðangrinum í ár en meðal þeirra eru tveir reynsluboltar. Erling Ólafsson frá Náttúrufræðistofnun Íslands er að fara í eyna í

hvorki meira né minna en fimmtugasta árið í röð og Borgþór Magnússon sem einnig starfar hjá Náttúrufræðistofnun og er með í för hefur einnig farið árlega í tugi ára.

Hópurinn lenti í eyjunni í gær með þyrlu og verður fram á fimmtudag. Þeir tóku strax eft-



ir miklum landslagsbreytingum þar sem jarðvegur hefur skolast úr hlíðum og út í haf en það hefur myndað sandstrendur á austanverðri eyggi. Sandstrendur voru áður algengar í Surtsey en undanfarin ár hefur eyjan verið stórgrýtt á alla kanta.

Í leiðangrinum í fyrra safnaðist ansi mikið rusl á svæðinu og landverðir hreinsuðu t.d. um 80 netakúlur af tanganum nyrst á eyjunni. Það þykir þó framför þar sem mest hefur verið hreinsað burt 400 kúlur. Almenn er ruslið í Surtsey að mestu tengt veiðarfærum.

Það verður forvitnilegt að sjá hversu mikið safnast í ár en vonandi þýðir þessi fjöldi af netakúlum sem safnaðist í fyrra að betur sé verið að hugsa um hvað fer í sjóinn og það haldi áfram að fara minnkandi draslið sem endar þar.

Vantar í vinnu mann vanan pípulögnum og smíðavinnu - mikil vinna og góð verkefnastaða.

Allar upplýsingar veita
Heimir í síma 892 3742 og
Gestur í síma 899 5443 eða á
tresmidjan@tresmidjan.is



DFS.is
FRÉTTAVEFUR SUÐURLANDS

Nýjar fréttir
á hverjum degi!



Innilegar þakkir sendum við öllum þeim sem sýndu okkur samúð og hlýhug við andlát og útför elskulegrar móður okkar, tengdamóður, ömmu og langömmu

EMMU KOLBEINSDÓTTUR
Eyvík, Grímsnesi

sem lést föstudaginn 3. júlí.



Sigrún Reynisdóttir, Þórarinn Magnússon, Kolbeinn Reynisson, Guðrún Bergmann, Guðmundur Kristinn Pétursson, Sólveig Wíum, Reynir Viðar Pétursson, Duan Buakrathok, Lilja Nótt Þórarinsdóttir, Ólafur Gauti Guðmundsson, Magnús Þórarinnsson, Hallgerður Lind Kristjánsdóttir, Steinunn Erla Kolbeinsdóttir, Einar Þorgeirsson, Smári Bergmann Kolbeinsson, Íris Gunnarsdóttir, Bjarki Kolbeinsson, Karen Daðadóttir, og barnabarnabörn

150 ár frá fæðingu
Guðbjargar Þorleifsdóttur
Afmælishátíð í Múlakotsgarði
sunnudaginn 26. júlí kl. 15

Dagskrá:

- Björn Bjarnason formaður setur samkomuna
- Ávarp ráðherra ferðamála – Þórdís Kolbrún Reykfjörð Gylfadóttir

Stutt ávörp:

- Elinborg Sigurðardóttir, formaður SSK
- Ómar Valdimarsson, formaður GÍ
- Björgvin Eggertsson, fulltrúi LbhÍ Reykjum
- Sr. Sváfnir Sveinbjörnsson

Söngur: Marianna Másdóttir

Allir velkomnir – aðgangur ókeypis kaffiveitingar í garðinum

Stjórn Vínafélags Gamla bæjarins í Múlakoti

Styrkt af: SASS,
Menningarnefnd Rangárþings eystra og SS.

FUNDIR

KRABBAMEINSFÉLAG
ÁRNESSÝSLU

Símatími alla virka daga
frá kl. 13:00 til kl. 16:00
sími 788 0300.

Al-Anon Selfossi

Al-Anon fundir á þriðjudögum
kl. 20:00, nýliðafundur
kl. 20:30 fundur, Hrísholti 8

Al-Anon

Al-Anon fundur - Einn dagur
í einu. Laugardagsmorgnum
kl. 10, Hrísholti 8, Selfossi.

AA

Mán. kl. 21 - AA fundur
Þrið. kl. 12:05 - AA fundur
Þrið. kl. 19 - AA konufundur
Mið. kl. 19:30 - AA fundur
Fim. kl. 20 - AA karlafundur
Fös. kl. 20:30 - AA fundur
Lau. kl. 21 - AA Opinn fundur
Sun. kl. 11 - AA fundur
Sun. kl. 21 - AA fundur
AA Hrísholti 8, Selfossi.
Nánari upplýsingar á aa.is.

AA Sporgöngufólk f. alla

Bókasafn
Hafnarberg 1 - 815 Þorlákshöfn
Klukkan 10:30-11:30 Sunnudag.

AA opin fundur f. alla

Kirkjan kjallari
Skálholtsbraut - 815 Þorlákshöfn
Klukkan 20:00 Fimmtudag.

CoDA

Bataleið frá meðvirkni
Fundir alla laugardaga
kl. 10:30.
Hrísholti 8, Selfossi.
Nánari upplýsingar á coda.is.

Leiðin út á þjóðveg

Fundir í Rauðakrosshúsinu
Hveragerði, efri hæð,
fimmtudaga kl. 20:30.

BÍLAR

KIETTUR

Bifreiðaverkstæði
Sími 482 4012, Hrísmýri 3, Selfossi

Þjónustuskóðanir Heklu-bifreiða og
almennar bílavíðgerðir.
Hjólástillingar



Dekkja- og smurþjónusta
Sími 482 4069



Gagnheiði 11
800 Selfossi
Sími 482 2200
GSM 894 2277
Fax 482 2777

Yfirbyggingar – Réttingar
Bílamálun – Rúðuskipti



Þarft þú að koma vöru eða
þjónustu á framfæri? Vantar
þig atvinnu?

Smáauglýsingadálkur
Dagskrárinnar er hagkvæmur
auglýsingakostur. Hvort sem
er til lengri eða skemmri tíma.

Hafðu samband núna!

Sími 482 1944
selfoss@prentmetoddi.is

ÞJÓNUSTA



S: 662-1122

Daglegar ferðir
SELFOSS - REYKJAVÍK
SUÐURLAND

ICECOOL

Bifreiða- og breytingaverkstæði
Gagnheiði 51, Selfossi
Sími 482 1361 - gunni@icecool.is



KJARNABÓKHALD

Bókhald • Framtöl • Skattskil
Launavinnsur • Ráðgjöf o.fl.

Austurvegur 6 - 800 Selfoss
Sími 482 3755 - kjarna@centrum.is

Ráð í rekstri!

Hjá Maddý ehf.

Eyrangei 27 - 800 Selfoss
s. 482 3454 - maddy@maddy.is

Bókhald - ráðgjöf
skattskil

Þjónusta við
einstaklinga og
fyrirtæki

Persónuleg þjónusta

GRÖFUPJÓNUSTA



Tek að mér ýmis verk. Er með
traktorsgröfu og vörubíl.
Nánari upplýsingar hjá
Guðmundi í síma 650 5038.

ÓSKA EFTIR

ERTU SPÆNSKUMÆLANDI?
Óska eftir að spænskumælandi
aðili hringi í mig. Ekki er þörf
fyrir menntaðan túlk. Aðeins
spænskumælandi einstakling
sem talar spænsku nokkurn
vegin skammlaust. Ég greiði
þeim sem hringir 35 þús.
Upplýsingar í síma 483 3568.

KIRKJUR

Aðventistar

Safnaðarheimili aðventista,
Eyrangei 67 Selfossi, 25. júlí.
Bíbliurannsókn kl. 11 og guðs-
þjónusta kl. 12, með ræðu verð-
ur Kristinn Ólafsson.
Verið velkomin.

Laugavegshlaupið 2020



Sigmundur og Þorsteinn.

Laugavegshlaupið fór fram
við góðar aðstæður laugar-
daginn 18. júlí sl. 40 starfsmenn
frá Frískum Flóamönnum á Sel-
fossi unnu við hlaupið og sáu um
stöðvarnar í Hrafninnuskeri,
Álftavatni, Söndum, Emstrum,
Ljósá og Þröngá. Auk þess fóru
eftirfarar á eftir hlaupurum frá
Landmannalaugum. 8 hlauparar
frá Frískum Flóamönnum tóku
þátt að þessu sinni og skiludu
sér allir heilir í mark í Húsa-
dal. Þau sem hlupu voru Elís
Gústavsson 6:17:58, Þorsteinn



Starfsfólk í Emstrum.

Tryggvi Másson 6:47:21,
Bjarni Auðunsson 6:48:11,
Sigmundur Stefánsson 6:52:35,
Hermann Ólafsson 7:49:09,
Aðalbjörg Skúladóttir 7:49:57,
Bárður Árnason 7:52:33 og
Auður Ólafsdóttir 8:07:18.
Björgunarfélag Árborgar sá um
að flytja fólk og búnað á allar
stöðvar og sáu um öryggisgæslu
og þjónustu við Bláfjallakvísl.
Nánari upplýsingar um hlaupið
má finna á www.hlaup.is.

Vinna við Laugavegshlaup-
ið er skv. Samstarfssamningi

ÍBR við Fríska Flóamenn og
Björgunarfélag Árborgar. Það
gerir hlaupahópnum kleift að
æfa án æfingagjalda og eru all-
ir áhugasamir hlauparar hvattir
til að mæta á æfingar sem eru
alla þriðjudaga og fimmtudaga
kl. 17:15 og kl. 10 á laugardög-
um. Meðfylgjandi eru myndir
af Frískum að hlaupa og starfa í
Laugavegshlaupinu 2020.

Stjórn Frískra Flóamanna.

Spennandi viðburður í Hlöðunni að Kvoslæk

Laugardaginn 25. júlí nk. kl.
15 mun Friðrik Erlingsson
rithöfundur tala um ritstörf Sæ-
mundar fróða í Odda í Hlöðunni
að Kvoslæk í Fljótshlíð. Friðrik
er þekktur fyrir ritstörf sín
og handritsgerð t.d. við kvik-
myndina Benjamín dúfa, óper-
una um Ragnhildi biskupsdóttur
og söngleikinn Vesalingana fyrir
Þjóðleikhúsið. Á laugardag mun
Friðrik velta fyrir sér hverjar
eru helstu vísbendingarnar um
ritstörf Sæmundar Sigfússon-



ar í Odda. Friðrik er búsettur á
Hvolsvelli og er sérfróður um
Sæmund fróða. Kaffiveitingar
eru að loknum fyrirlestri.



Við erum að leita að þér!

UMFÍ leitar að fristundaleiðbeinanda í 100% starf sem hefur brennandi áhuga á að
vinna með 14-15 ára ungmennum í Ungmennabúðum UMFÍ á Laugarvatni.

Fjölbreytt starf!

Starfið felur í sér að leiðbeina ungmönnum á námskeiðum, hafa umsjón með dagskrá,
samskiptum við skólalæstjórmenndur og aðra sem eru með nemendahópum í búðunum.

Umsóknarfrestur er til 1. ágúst. Viðkomandi þarf að geta hafið störf um miðjan ágúst.

Viðkomandi þarf að hafa hreint sakavottorð, reynslu af starfi með ungmönnum,
reyklaus og fyrirmynd ungmenna.

Fyrirspurnir um starfið og umsóknir skal senda á umfi@umfi.is.

Þú getur lesið allt um Ungmennabúðir UMFÍ á vefsiðunni.ungmennabudir.is

Íþróttir

Efni sendist á dfs@dfs.is

Prettán Selfyssingar í landsliðum Íslands í hópfimleikum



Glæsilegur hópur fimleikadeildar Selfoss sem hefur raðað sér í hóp þeirra bestu á landinu. Efri röð frá vinstri: Tanja, Mads, Daniel Már Stefánsson, Evar Kári Eyþórsson, Bjarni Már Stefánsson og Sindri Snær Bjarnason. Neðri röð frá vinstri: Inga Jóna Þorbjörnsdóttir, Ása Kristín Jónsdóttir, Birta Sif Sævarsdóttir, Auður Helga Halldórsdóttir, Karolína Helga Jóhannsdóttir, Karítas Líf Sigurbjörnsdóttir og Evelyn Þóra Jósefsdóttir. Ljósmynd Umf. Selfoss/Sigríður Ósk

FIMLEIKAR Yfirþjálfarar landsliða og landsliðsþjálfarar í hópfimleikum hafa valið landsliðshópa fyrir Evrópumótið í hópfimleikum 2021 sem fer fram dagana 14.-17. apríl 2021 í Kaupmannahöfn í Danmörku.

Fimleikasamband Íslands mun senda fjögur lið á mótið, kvinnalið og blandað lið full-

orðinna og stúlknalið og blandað lið unglunga. Fimleikadeild Selfoss á þar ellefu fulltrúa, sjö stúlkur og fjóra drengi, sem valin hafa verið í blandað lið unglunga og stúlknalið Íslands.

Að auki á fimleikadeildin tvo landsliðsþjálfara í hópnum. Tanja Birgisdóttir mun þjálfa kvinnalið Íslands og Mads Pind

Lochmann Jensen blandað lið unglunga.

Fimleikadeild Selfoss er afar stolt af valinu og verður spennandi að fylgjast með þessum glæsilegu fulltrúum fimleikadeildarinnar á næstu mánuðum.

sóh

Fjöldi afreka á Meistaramóti Íslands 15 – 22 ára

FRJÁLSAR Um liðna helgi fór Unglingameistaramót Íslands fram á Kaplakrikavelli í Hafnarfirði. HSK/Selfoss sendi öflugt lið til keppi að venju og var uppskeran mjög góð. Okkar fólk vann til 42 verðlauna: 22 gull, 10 silfur og 10 brons. Fjögur HSK-met litu dagsins ljós auk 22 persónulegra bætinga.

HSK/Selfoss varð Íslandsmeistari í einum flokki, þ.e. flokki 16-17 ára pílta. Í heildarstigakeppninni varð HSK/Selfoss í þriðja sæti með 301 stig aðeins 4,5 stigum á eftir Breiðabliki sem varð í öðru sæti en það var lið ÍR sem sigraði.

Selfyssingurinn Eva María Baldursdóttir stóð sig vel í hástökkinu, stökk 1,78 m., bætti sig um einn sentimetra og setti í

leiðinni mótsmet og HSK-met í þremur flokkum stúlkna; 16-17 ára, 18-19 ára og 20-22 ára. Eva María átti þessi HSK-met sjálf. Hún átti svo góðar tilraunir við 1,81 m sem hefði verið bæting á Íslandsmetinu í hennar flokki um einn sentimetra.

Benjamín Guðnason einnig úr Selfoss bætti HSK-metið í sleggjukasti 16-17 ára pílta, kastaði 40,38 m. Gamla metið var 38,28 m í eigu Sigþórs Helgasonar og var orðið sjö ára gamalt.

Sextán einstaklingar HSK/Selfoss unnu til þessara 22 Íslandsmeistaratitla. Dagur Fannar Einarsson, Selfossi vann flesta eða þrjá, Goði Gnýr Guðjónsson, Martin Patryk Srichakham og Sindri Freyr Seim Sig-

urðsson, Heklu ásamt Sebastian Þór Bjarnasyni, Selfoss tóku tvo titla hver. Auk Evu Maríu og Benjamíns voru það Einar Árni Ólafsson, Þjótanda, Hjalti Snær Helgason, Hreimur Karlsson og Elín Karlsdóttir, Umf. Selfoss, Auður Helga Halldórsdóttir, Bríet Anna Heiðarsdóttir, Róbert Khorchai Angeluson og Viktor Karl Halldórsson, Þór og Árbjörg Sunna Markúsdóttir, úr Garpi sem unnu einn titil hver. Auk þess sigraði sveit HSK/Selfoss í 4x100 metra boðhlaupi pílta 20-22 ára.

Nánari upplýsingar um úrslit mótsins má finna á vef Umf. Selfoss, www.selfoss.net.

óg



Sigursveit HSK/Selfoss í flokki 16-17 ára pílta. F.v. Goði Gnýr Guðjónsson, Heklu, Benjamín Guðnason, Selfoss, Sebastián Þór Bjarnason, Selfoss, Niklas Hansen Grétarsson, Selfoss og Haukur Arnarsson, Hrunamönnum. Ljósmynd Umf. Selfoss/Dýrfinna Sigurbjörnsdóttir

JÁVERK-völlurinn




Miðvikudaginn kl 19:15

2. deild karla

Hittingar við Lapset æfingatækin við Grænumörk 5

Fimmtudagana 23. og 30. júlí kl 10 verða hittingar við Lapset æfingatækin hjá Grænumörk 5. Þar taka á móti ykkur starfsmenn fjölskyldusviðs, viljum við þó benda á að fólk er á eigin ábyrgð.



Sveitarfélagið ÁRBORG

Bergrós sigraði á Akureyri

MÓTOKROSS Önnur umferð Íslandsmótsins í mótókross fór fram á Akureyri þann 11. júlí og áttu Selfyssingar keppendur í flestum flokkum.

Í 85 cc flokki kvenna sigraði Bergrós Björnsdóttir, Eric Máni Guðmundsson varð í þriðja sæti í 85 cc flokki

karla. Alexander Adam varð í fjórða sæti í MX2 og að lokum sigraði Gyða Dögg Heiðarsdóttir í kvennaflokki og Ásta Petrea Hannesdóttir lenti í fjórða sæti.

Næsta keppni verður haldin á Selfossi laugardaginn 25. júlí næstkomandi.

Selfyssingar á uppleið

KNATTSPYRNA Selfoss lék tvo leiki í Pepsi Max deildinni í seinustu viku.

Í fyrri leiknum skildu Selfoss og Þróttur jöfn í markalausum og frekar tíðindalitlem leik sem fór fram á gervigrasinu í Laugar- dal þriðjudaginn 14. júlí.

Á sunnudaginn vann Selfoss góðan sigur á Þór/KA á JÁVERK-vellinum. Þór/KA komst yfir í fyrri hálfleik en Selfoss sneri leiknum sér í hag með því að skora tvö mörk í seinni hálfleik.

Það voru Magdalena Anna Reimus og Tiffany McCarty sem skoruðu mörk Selfoss bæði eftir sendingar utan af kanti frá Barbáru Sól Gísladóttur. Dagný Brynjarsdóttir hefði getað jafnað fyrir Selfoss í fyrri hálfleik en markvörður Þórs/KA varði spyrnuna vel.

Selfoss er í þriðja sæti deildarinnar með 10 stig og sækir ÍBV heim í næstu umferð þriðjudaginn 28. júlí.



Magdalena kom Selfyssingum á bragðið með glæsilegu skallamarki. Ljósmynd: Fótbolti.net/Haftliði Breiðfjörð

Náttúruperlan og útivistarparadísin Skógar undir Eyjafjöllum

Skógafoss undir Eyjafjöllum er einn þekktasti og fallegasti foss landsins, en í Skógum er líka svo mikið meira sem kemur skemmtilega á óvart. Þar eru margar faldar náttúruperlur, afþreying og þjónusta sem vert er að skoða og upplifa, eins og t.d. Völvuskógur, fjöldi fossa í Skógá og Skógárgljúfri, Skógasafn, Kvernufoss, fjöldinn allur af gisti-, veitinga- og afþreyingarmöguleikum. Hér ættu svo sannarlega allir að finna eitthvað við sitt hæfi.

Völvuskógur er staðsettur rétt fyrir ofan gamla héraðsskólann í Skógum, en það voru nemendur og kennarar við skólann sem hófu árið 1950 uppgræðslu og skógrækt á þessu svæði. Enn koma nemendur saman til að gróðursetja og grisja og er Völvuskógur því vaxandi. Árið 2013 voru lagðir stígar og smíðaðar tröppur til að gera skóginn betur aðgengilegan almenningi.

Ef farið er upp á Skógaheiði, sem er fyrsti áfangi á gönguleiðinni yfir Fimmvörðuháls, er að finna fjölda fallegra fossa. Í bók Sigurðar Sigurðarsonar „Gönguleiðin yfir Fimmvörðuháls“, sem kom fyrst út árið 2002 og svo aftur árið 2012, kemur fram að fossarnir í Skógá og Skógárgljúfri eru samtals 37 og ná langleiðina að Fimmvörðuskála. Fossarnir eiga ekki allir nafn en þeir eru hver öðrum fallegri og vel þess virði að ganga upp á heiðina til að skoða þá. Í bók Sigurðar koma fram nöfn á fossunum sem eru þekkt og gaman er að hafa hana til hlið-



sjónar þegar gengið er upp með ánni. Flestir landsmenn þekkjast svo Byggðasafnið í Skógum, en það sem kannski færri vita er að það er einungis einn af þremur hlutum Skógasafns og er þar að finna einn merkasta menningararf okkar Íslendinga. Auk Byggðasafnsins er þar húsasafn, sem er utandyra, og samgöngusafn sem er einstaklega skemmtilegt að skoða. Í sumar er fjölskyldutilboð í Skógasafnið.

Skammt frá safninu er enn ein náttúruperlan; Kvernufoss hafa ekki margir skoðað en fossinn er í um 20-30 mínútna göngufjarlægð frá Byggðasafninu. Gangan að fossinum er falleg og ekki síðri á leiðinni til baka með útsýni til Vestmannaeyja.

Í Skógum er, eins og áður hefur verið nefnt, úrval af þjónustu og afþreyingu í boði. Hér er auk tjaldsvæðis hægt að fá góða gistingu á hosteli, gistiheimili og hóteli. Á þessum stöðum eru líka veitingastaðir

og ættu allir að finna eitthvað við sitt hæfi. Í Skógum er líka hestaleiga og eru þau með góð tilboð í allt sumar. Hestaleigan er fjölskyldurekin og hafa þau starfað í um 30 ár, þeirra sérkenni eru einstaklega barnvænir og skapgóðir hestar sem henta öllum.

VANTAR ÞIG IÐNAÐARMENN



TRÉSMÍÐAR • PÍPULAGNIR
RAFVIRKJUN • MÚRVERK
MÁLUN • SÓLPALLAR
HELLULAGNIR • VÉLALEIGA

Sími 561 8080 • fverk@fverk.is

Stálsmiði



- Stálinnréttingar
- Stálfestingar
- Ákeysrluvarnir
- Sérsmíði

Andraco ehf

Lynghæð, Urriðafossvægi, 803 Selfossi.
Andri64@simnet.is | Sími 868 5876

BÓNÆÐGAR



Gagnheiði 51 - Selfossi
Símar 482 2327 - 848 2327
- Sækjum og skilum -

FROST

KÆLIKERFI - FRYSTIKERFI
HÖNNUN - SALA - ÞJÓNUSTA

HÁHEIÐI 9, SELFOSSI - SÍMI 464 9400 - WWW.FROST.IS



Sími 660 2970

Uppsetn. og viðhald á kæli- og frystikerfum
Ísskápavíðgerðir - Almennar raflagnir

DFS.IS

Fáðu tilboð í
auglýsingapakka í
blaðið og á vefnin!

Sími 482 1944
dfs@dfs.is



- Flutningaþjónusta -

Selfoss - Reykjavík f.h. og e.h.
Reykjavík - Selfoss f.h. og e.h.

Reykjavík - Selfoss
Hella - Hvalsvíllur
Sími 772 6010

Rétting og málun

Vottað réttingaverkstæði
Cabas tjónaskoðun

Breiðumýri 1, Selfossi
Sími 480 8020



Gisli G. Guðmundsson Svanhildur Eiríksdóttir Elfar F. Sigurjónsson

Vistvænar íslenskar kistur, krossar og legsteinar

Sími 482 4300 • www.fylgd.is • fylgd@fylgd.is

NÝTT

Vinnuvélanámskeið
á netinu!

www.vinnuvelaskolinn.is

Lagnaþjónustan ehf

Pípulagnir - Efnissala
482 2311 696 2311
Skrifstofa Þjónustusími

25. ára



VÉLSMÍÐJA SUÐURLANDS ehf

Selfossi Gagnheiði 5 Sími: 482 1980

Efnissala
Rennismiði
Innréttingar
Járnsmiði

Gagnheiði 5, Selfossi
Sími 482 1980

Hjólbarðaðþjónusta Magnúsar

Gagnheiði 25 - Sími 482 2151



Hjólbarðar
Smurþjónusta
Betri vörur - betra verð

Sprettur ÁBURÐUR



Bílasprautun - Bílaréttingar Bílrúðuskipti



- Þar sem fagmennirnir vinna
★★★★ Vottað verkstæði
Gagnheiði 3 - Selfossi
Sími 482 2224 / 899 5424 - bilverkba.is